


Ungmennasambandið Úlflijótur

81. Ársþing



Haldið í Nýheimum á Höfn

31.mars 2014

Stjórn USÚ 2013

Matthildur Ásmundardóttir, formaður
Páll Róbert Matthíasson, ritari
Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Aðildarfélög USÚ

Ungmennafélagið Sindri

form. Ásgrímur Ingólfsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuboltadeild
- Skíðadeild
- Sunddeild
- Kraftlyftingadeild

Ungmennafélagið Máni

form. Sveinn Rúnar Ragnarsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

form. Bryndís Hólmarsdóttir

Golfklúbbur Hornafjarðar

form. Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfinga

form. Sigrún Sigurgeirs dóttir

Akstursíþróttafélag A-Skaft.

form. Jón Sölvi Ólafsson

Skotfélag A-Skaft.

form. Ingólfur G. Einarsson

Dagskrá 81. Ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfaneftnar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Álit kjörbréfaneftnar.
6. Kosnar nefndir:
 - a. Landsmótanefnd.
 - b. Laganeftnd.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.

Þinghlé

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
13. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
14. Útnefning íþróttamanns ársins 2013
15. Önnur mál
 - a. Kynning á heimasiðu USÚ og metaskráningu.
 - b. Viðurkenning í hönnunarsamkeppni í ungmannabúðum UMFÍ Laugum.
16. Kosning.
 - b. Kosning stjórnar
 - c. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - a. Kosning tveggja skoðunarmanna.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2013

Starfsemi ungmannasambandsins hefur verið viðburðaríkt á árinu sem helgast að miklu leiti af unglingslandsmótinu sem var haldið hér um verslunarmannahelgina. Ný stjórn var kosin á síðasta þingi en þá létt Ólöf Þórhalli af stjórnarstörfum og var Páll Róbert kosinn inn í stjórnina í hennar stað. Stjórnin hefur fundað reglulega.

Langstærsti viðburður og framkvæmd ársins var unglingslandsmótið sem haldið var um verslunarmannahelgina. Líkt og kom fram í Eystrahorni eftir landsmótið þá var góð aðstaða til íþróttaiðunar og öflugur hópur sjálfböðaliða lykillinn að vel heppnuðu Unglingslandsmóti sem haldið var á Höfn um verslunarmannahelgina 2013. Keppendur frá USÚ voru 144 sem er alveg frábært en samþykkt var á síðast þingi að USÚ greiddi mótsjöld fyrir alla þátttakendur sína og það hefur greinilega hvatt Hornfirðinga til að keppa.

Það er gífurleg vinna sem liggar að baki einu slíku móti líkt og flestir hér inni þekkja nú vel. Í landsmótsnefndinni sátu; Matthildur, Sigurður Óskar og Ólöf Þórhalli, Ásgrímur Ingólfsson, Jóhanna Íris, Hjalti Þór, Arna Ósk, Sigrún Kapitola, Guðrún Ingólfssdóttir, Valdemar og Ómar Bragi fyrir hönd UMFÍ. Ráðinn var verkefnastjóri, Ástrós Signýardóttir, í maí lok sem starfaði undir leiðsögn Ómars Braga. Segja má að vinna landsmótsnefndnar hafi farið á fullt haustið 2012 og mestur þungi vinnunar fór fram síðastliðið sumar. Landsmótið tókst eins vel og kostur var með mikilli hjálp allra íbúa sveitarfélagsins og með góðu samstarfi við sveitarfélagið. Nú er verið að leggja lokahönd á skýrslu landsmótsnefndar. Sindrafréttir eru að vinna að sjónvarpsþætti um landsmótið og þeir sendu okkur smá brot af þeirra vinnu til að sýna hér á þinginu.

USÚ hefur tekið þátt í verkefninu Fjölskyldan á fjallið undanfarin ár. Nú er gestabók í Haukafelli en ekki hefur verið farið með gestabók á Ketillaugarfjall ennþá en það stendur vonandi til bóta. Búið er að því að bæta við tveimur gönguleiðum í þetta verkefni en það er gönguleiðin fyrir Horn og Almannaskarð. USÚ og Ferðafélagið hafa staðið saman að því að merkja þessar tvær gönguleiðir og voru skiltin vígð formlega milli jóla og nýárs 2013 með pompi og prakt. Gaman er að fylgjast með hversu hratt undirskriftir safnast í Almannaskarði og greinilegt að nokkuð margir eru fastagestir í Skarðið!

Íþróttamaður ársins 2012 var Óli Stefán Flóventsson þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu. Óli hefur einnig unnið gríðarlega góða vinnu hjá meistaraflokki Sindra í knattspyrnu á undanförnum árum. Einnig hefur hann unnið mikilvægt starf í forvarnarmálum, hann hefur sjálfur verið góð fyrirmund og miðlað sinni reynslu til leikmanna sinna. Einnig hefur hann vakið athygli á mikilvægum málefnum og verið með góða kynningu á Sindra og Hornafirði með skrifum sínum á vinsælasta knattspyrnumiðil landsins: fotbolti.net. Hvattningaverðlaunin árið 2012 hlaut Guðrún Ósk Gunnarsdóttir en hún er duglegur íþróttamaður og hefur stundað knattspyrnu og körfubolta af miklum dug og krafti ásamt því að þjálfa yngri flokka í körfubolta. Á síðasta ári var hún valin í úrtakshóp fyrir landslið bæði í körfubolta og knattspyrnu sem er frábær árangur..

USÚ hefur unnið að því á undanföru ári að bæta heimasíðu USÚ www.usu.is. Á síðasta ári fékk USÚ styrk frá verkefnasjóði UMFÍ til þess að skrásetja öll frjálsíþróttamet USÚ inn á heimasíðuna ásamt því að vinna enn frekar að því að bæta síðuna. Sigurður Óskar hefur haldið utan um vinnu við heimasíðuna og viljum við nota tækifærið til að kynna fyrir ykkur metaskráninguna hér á þinginu. USÚ er einnig með fésbókarsíðu sem þið eruð öll hér inn hvött til þess að líka við.

USÚ vinnur nú að hönnun hlaupa- og gönguleiðakorts í samvinnu við Ríki Vatnajökuls og sveitarfélagið. Þetta verkefni hefur verið lengi í undirbúning og er nú loksins að nálgast endapunkt. Kortið um hanga uppi í sundlauginni sem verður upphafsstæður allra leiðanna. Í framhaldinu mun þurfa að merkja leiðirnar enn betur.

Stjórnarmenn og aðrir sækja reglulega fundi UMFÍ og ÍSÍ. Haldinn var vorfundur UMFÍ á Húsavík sem var að mestu helgaður stefnumótunarvinnu fyrir landsmót, hann sótti Ásgrímur Ingólfsson, formaður Sindra og Sigurður Óskar, gjaldkeri USÚ. Sambandsþing UMFÍ var haldið á Stykkishólmi í október og þangað sendi USÚ þrjá fulltrúa Matthildi, Sigurð og Björn bróðir hans. Þingið var gott en þar var kosin ný stjórn UMFÍ og Matthildur sem verið hefur í varastjórn UMFÍ létt af stjórnarstörfum fyrir UMFÍ. Valdemar sótti íþróttapring ÍSÍ fyrir hönd USÚ og Ásgrímur sótti formannafund ÍSÍ.

Í lokin langar mig að minna á Fræðslu og verkefnasjóð hjá UMFÍ en þar er hægt að sækja um styrki til ýmissa verkefna. Úthlutað er úr sjóðnum tvísvar á ári og hvet ég ykkur til að kynna ykkur hann.

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu 2012 að úthluta einu sinni á ári úr sjóðnum en breytingar á reglunum voru samþykktar á síðasta þingi. Þessar breytingar voru gerðar til að auka tekjumöguleika sjóðsins þar sem innlánsvextir er með lægsta móti og reglurnar kveða á um að ekki megi ganga á höfuðstólinn. Auglýst var eftir umsóknum í maí 2013 en að þessu sinni bárust engar umsóknir og því var ekkert úthlutað úr sjóðnum.

Nú undanfarið hafa verið vangaveltur um hvernig má efla sjóðinn í samstarfi við sveitarfélagið. Uppi eru hugmyndir sem ég vil leggja fyrir þingið núna um breytingar á afrekssjóðnum á þann hátt að gefa kost á að fulltrúi sveitarfélagið komi inn í stjórn sjóðsins með það fyrir vonum að sveitarfélagið styrki sjóðinn árlega með fjárfram lagi.

Ársreikningur USÚ 2013

	2013	2012
Rekstrartekjur		
Lottó	3.906.621	3.715.997
Styrkir	294.448	286.465 1)
Styrkur vegna ULM	2.400.000	1.600.000 2)
Meistaramót Íslands 15-22 ára	263.438	507.000 3)
Innborgað v. iökendagjalds FRÍ	0	56.000
Treyjur	120.500	191.600
Rekstrartekjur alls	6.985.007	6.357.062
<i>Að frádregnum styrk vegna ULM</i>	<i>5.385.007</i>	<i>4.757.062</i>
Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarfélaga	3.014.644	2.882.518
Auglýsingar og heimasíða	31.726	19.460
Verðlaun	9.851	17.800
Ferða- og fundakostnaður	186.705	218.441
Styrkir	1.042.353	156.870 4)
Styrkur vegna ULM	4.000.000	2)
Meistaramót Íslands 15-22 ára	337.367	620.506
Annar mótkostnaður	0	50.000
Treyjur	161.545	242.241
Annað	168.245	15.387
Rekstrargjöld alls	8.952.436	4.223.223
 Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	 -1.967.429	 2.133.839
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	35.135	19.102
Fjármagnstekjuskattur	-7.026	-3.820
Fjármagnsliðir alls	28.109	15.282
 Hagnaður/Tap	 -1.939.320	 2.149.121
<i>Að frádregnum styrkjum vegna ULM</i>	<i>-367.429</i>	<i>533.839</i>

Efnahagsreikningur 31.12.2013

Eignir		
Bankainnistæður	3.589.357	5.528.677
Afrekssjóður	5.543.845	5.386.557
Eignir alls	9.133.202	10.915.234

Skuldir		
Ógreitt til aðildarfélaga v. áramót	1.405.536	1.223.526
Ógreitt lottó til ASK	0	71.358 5)
Ógreiddir reikningar	0	401.367
Skuldir alls	1.405.536	1.696.251

Skuldir og eigið fé 31.12.2012	7.727.666	9.622.671
Að frádregnum afrekssjóði	2.183.821	

Skyringar

- 1) Getraunir og vegna heimasíðu og afrekaskrár í frjálsum íþróttum.
- 2) Styrkir úr ríkissjóði vegna ULM. Voru settir inn á almennan reikning USÚ vegna þess að ekki var búið að stofna sérstakan reikning fyrir ULM.
- 3) Uppgjör við FRÍ vegna mótagostnaðar. Þar á meðal hlutdeild USÚ í þáttökugjaldi.
- 4) Skráningargjöld á ULM og Landsmót UMFÍ 2013, Tippstofan og Sindraskráin.
- 5) ASK skilaði ekki starfskýrslu 2012. Það horfði til betri vegar 2013 og því var inneignin greidd út.

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfírska afreksmenn sem eru í aðildarfélögum USÚ til æfinga og keppni. Einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. Reglugerð hverju sinni. Auk þess sem frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur ávöxtun hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum einu sinni á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupphæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að hljóta styrk þarf að senda inn skriflega umsókn til stjórnar USÚ, Hafnarbraut 25.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

* Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal einu sinni á ári eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins.

Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 79. ársþingi USÚ, 29. mars 2012

Starfsemin á árinu 2013

Aðalfundur Mána var haldinn 26. mars. Níu félagar mættu á fundinn og helst bar þar til tíðinda að Sigurður Óskar Jónsson létt af formennsku og Sveinn Rúnar Ragnarsson tók við á ný. Fjárhagsstaða félagsins var góð og starfið framundan lagðist vel í fundarmenn.

Ársþing USÚ var haldið í Pakkhúsinni á Höfn þann 15. apríl. Sex fulltrúar frá Mána sóttu þingið sem fór vel fram og rétt er að geta þess að veitingarnar voru til fyrirmynndar.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur eins og vant er. Veðrið var ágætt, skyjað en þurrt og gott gönguveður. Farið var með sirkusvagninum inn að Skriðu, austan við Þveitina og gengið meðfram Ketillaugarfjalli aftur að Mánagarði. Um 40 manns mættu í gönguna og eithvað fleiri mættu svo í dagskrána á eftir. Stjórn Mána þakkar öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

16. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið af USÚ um verslunarmannahelgina. Mótið fór í alla staði vel fram og mega Hornfirðingar allir vera stoltir af því hvernig til tókst. Þeim Mánamönnum sem lögðu tíma sinn í að hjálpa til við mótið eiga miklar þakkir skildar því án sjálfboðaliða er ekki hægt að halda svona móti.

Jólatréð var sett upp við kirkjugarðinn við Laxá 10. desember s.l. Það var líkt og undanfarin ár keypt af Kiwanisklúbbnum Ósi. Sjaldan eða aldrei hefur veðrið verið jafn erfitt viðureignar og dundu stormar og slagveður hvað eftir annað á jólatrénu. Til marks um það hversu hvimleið tíðin var þá brotnaði jólatréð á Höfn í tvennt í einu ofsaveðrinu. Þess ber að geta að Egill Eiríksson átti að öðrum ólöstuðum mestan heiðurinn af því að jólatréð og serírunar héldu velli.

Vísir var gefin út líkt og áður rétt fyrir jólin. Þó var sú nýbreytni þetta árið að honum var dreift í allar sveitir í Austur-Skaftafellssýslu.

Þann 30. desember fór vetrargangan fram og alls mættu átta manns. Gengið var frá Mánagarði og niður á hestavöll. Þaðan niður eftir varnargarðinu meðfram Laxá, eftir reiðveginu meðfram Hoffellsánni, aftur að hestavellinum og tilbaka í Mánagarð. Talsvert rigndi og blés á göngumenn til að byrja með en síðan rættist úr veðrinu.

Hin árlega Prettándagleði var haldinn niður á Völlum þann 6. janúar. Veðrið var fallegt og brennurefnið þurrt og gott. Vel tókst til við að láta bálkestinn loga og Björgunarfélag Hornafjarðar var svo með flugeldasýningu sem var líkt og fyrri ár mjög tilkomumikil.

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Mána

Síðastliðið sumar telfdi Máni fram knattspyrnuliði í Launaflsbikarnum sem er bikarkeppni ÚÍA og Launafls. Þó svo Launaflsbikarinn sé bikarkeppni milli félaga á sambandssvæði ÚÍA þá fékk Máni þátttökurétt þetta árið og jafnframt að spila sína heimaleiki á Mánavellinum. Að öðrum ólöstuðum var það Jóhannesi H. Gestssyni að þakka að Máni fékk keppnisrétt.

Að lokinni riðlakeppninni vermdu Mánamenn efsta sætið en þeir höfðu unnið alla leiki nema einn sem endaði með jafntefli, en það var gegn UMFB frá Borgarfirði eystri. Að loknum undanúrslitum spilaði Máni úrslitaleik við Spyrni á Djúpavogsvelli. Úrslitaleikurinn var æsispennandi og endaði með 5-4 sigri Mána eftir framlengingu.

Margir töku þátt í leikjum liðsins eða komu að þeim með einum eða öðrum hætti. Þess má geta að 36 leikmenn voru skráðir á leikskýrslur yfir sumarið.

Næsta sumar tekur Máni þátt í 4. deildinni og verður það í fyrsta skipti sem félagið tekur þátt í deildarkeppni á vegum KSÍ. Briggja manna stjórn undir forystu Reynis Ásgeirssonar hefur verið kosin til að fara með málefni knattspyrnadeildarinnar og gaman verður að fylgjast með gengi félagsins næsta sumar.

Sveinn Rúnar Ragnarsson, formaður U.M.F. Mána

Skotfélag Hornafjarðar 2013-2014

Í fyrra fékk Skotfélagið úthlutuðu landi undir skotvöll frá bænum eftir margra ára bið út í skógey og byrjuðum við að gera svæðið klárt svo hægt væri að þjónusta hreindýraveiðimenn með hæfnispróf fyrir hreindýraveiðar, gekk það vel og voru þónokkrir sem tóku hæfnisprófið hjá okkur.

Til stóð að byggja þetta svæði upp með skeet velli og einnig sportingclay velli ásamt því að koma upp aðstöðu fyrir bogfimi. Skemmt er frá því að segja að landeigandinn við hliðina vildi svo ekki sjá það að hafa skotvöll við hliðina á sínu landi svo framkvæmdir voru stöðvaðar.

Skotfélagið fékk til sín síðasta sumar mann með réttindi til þess að kenna bogfimi og kom hann hingað og hélt kynningu á þessu sporti, fjöldi manns mætti í fótboltahúsið báruna á þessa kynningu og í framhaldi af því var áhveðið að fá hann aftur að hausti og halda hér námskeið fyrir menn sem svo öðluðust réttindi til þess að eiga boga, en til þess að geta átt boga þurfa menn einnig að vera félagar í einhverju íþróttafélagi og verður stofnuð þar af leiðandi stofnuð sérdeild innan skotfélagsins svo menn geti skráð sig í hana og stendur til að byggja upp aðstöðu fyrir þá á félagssvæðinu.

Skotfélagið er að ganga frá samningi um langtíma leigu á mjög hentugu landi við landeigandann í Hólum og verður byggt upp þar og teljum við að betra svæði hefðum við í raun ekki getað fengið. Skotfélagið er búið að festa kaup á 5 stk leirdúfuvélum og fengum til þess styrk frá bæjarféluginu og eru þær væntanlegar til landsins og fer þá vonandi uppbygging á svæðinu á fullt skrið með hækkandi sól.

Mikill áhugi er á þessu sporti í austur skaftafellssýslu og löngu komin tími á að nýr skotvöllur verði að veruleika, bæði fyrir almenna félagsmenn og einnig lögregluna á staðnum til æfinga og svo hefur líka vantað aðstöðu fyrir UST til að menn sem eru að taka byssuleyfi geti tekið verklega prófið.

Fyrir hönd Skotfélagsins

Stjórnin.

Starfsskýrsla hestamannafélagsins Hornfirðings 2013

Árið 2013 var mjög viðburðaríkt líkt hjá hestamannaféluginu Hornfirðingi líkt og síðustu ár. Reiðhöllin var tekin í notkun í endaðan desember 2012 og var fyrsti viðburðurinn á vegum Félags hrossabænda sem var folaldasýning.

Fyrsti viðburður Hornfirðings var í reiðhöllinni í janúar þegar Ómar Ingi Ómarsson reiðkennari var með sýnikenslu á því hvernig ætti og hvernig væri hægt að nota reiðhöllina til þjálfunar hests og knapa, var því vel tekið.

Haldnir voru þrír vetraleykar, tveir inni og einn úti. Vetrarleikarnir hafa alltaf verið úti eins og ráð gera fyrir en með tilkomu reiðhallar var hægt að hafa leikanna inni og að kvöldi til, sem var algjör bylting, í stað þess að berjast um í roki og rigningu þá er gott að vera inni. Í stað venjulegra vetrarleika sem snýst um kepni í gangtegundum var farin sú leið að gerð var þrautabraut í reiðhöllinni og áttu knapar að riða í gegnum hana með bjórkönnu í hendi, gekk þetta misvel en varð hin besta skemmtun. Einnig var grímutölt hjá unglungum og börnum.

Æskulýðsdagur var haldinn rétt fyrir páska. Börnum og unglungum var boðið að koma og fara á hestbak í reiðhöllinni, kemba hestunum og snerta. Ómar Ingi var með 3. daga námskeið í kjölfarið fyrir óvon börn og unglunga, var það mjög vel sótt. Eyrún Ýr Pálsdóttir var með tveggja helgna námskeið. Ómar Ingi var einnig til aðstoðar þeim keppendum sem kepptu á fjórðungsmóti.

Firmakeppni og kaffihlaðborð var haldin sumardaginn fyrsta og var þátttaka góð, gekk vel að safna firmum og vill félagið þakka þann góða stuðning sem það fékk.

Útreiðanefnd stóð fyrir nokkurm útreiðatúrum ásamt því að leggja reiðveg en tvær milljónir voru til ráðstöfunar. Vegurinn er langt kominn og verður nothæfur í sumar, vonum við að hann fái að vera í

friði fyrir vélknúnum ökutækjum. Farið var í páskauðreið að venju, þátttaka var góð þrátt fyrir að ekki hafi veðrið hafi ekki verið sem best verið að leika við okkur.

Félagsmót Hornfirðings, Sparisjóðsmótið var haldið 8. og 9. júní og var það einnig úrtaka fyrir komandi fjórðungsmót á Austurlandi. Félagssvæðið var tekið í gegn fyrir félagsmót og fjórðungsmót, reiðvegur meðfram vegi lagaður, sléttanáð hjá reiðhöll dómþallur, og Stekkhóll málaður og þrifinn og margt fleira. Dómþallur málaður og smíðaður pallur

Það sem bar hæst var fjórðungsmót og var öll vinna á árinu tengd við það. Mótið heppnaðist vel þótt ekki hafi það verið fjölmennt og menn almennt ánægðir, um 400 manns mættu á svæðið með um nær 60 hesta. Skráningar voru 130. Kept var í mörgum flokkum og greinum. Hestakostur var sérlega góður, allt gekk slysalaust fyrir sig og keppendur voru til sóma. Keppendur voru frá Eyjafirði að Markafljóti í vestri.

EKKI var næg þátttaka í hestaíþróttum til að halda á Unglingalandsmóti og var það miður því að öll aðstaða var eins og best var á kosið.

*Bryndís Hólmarsdóttir
Formaður Hornfirðings*

Árskýrsla Umf. Öræfa fyrir starfið á árinu 2013

8.apríl var aðalfundur félagsins. Farið var yfir störfin á síðastliðnu ári og fundargerðarbókin skoðuð; farið var yfir hugmyndir síðustu ára og skoðað hvaða hugmyndir var eftir að framkvæma. M.a. rifjað upp hugmyndir um ferðalög sem sett voru aftur á stefnuskrá. Líflegar umræður voru á fundinum.

Farin var vorferð í Núpsstaðaskógi þar sem gripinn var góðviðrisdagur og ekið á nokkrum jeppum þangað inneftir. Síðan var gengið að fossinum og þeir hraustustu fóru upp festina til að fá betra útsýni. Síðan var sest niður og borðað nesti og var þetta hin besta skemmtiferð.

Ungmennafélagið sá um 17.júní hátíðahöld austur með fjalli í Svínafelli. Þau hófust á gönguferð að Smjörsteini og síðan var gengið til baka að samkomustaðnum sem var neðan við skógræktarreit Ungmennafélagsins í Hálsatorfu. Góð þátttaka var í leikjum og allir undu sér saman, ungir sem aldnr. Eftir leikina var boðið upp á léttu hressingu.

Gerð var tilraun með hreyfistund í Hofgarði, auglýst var opið hús með aðgangi að borðtennis, badminton, hlaupahjólum, göngubretti o.fl. Gert var ráð fyrir að fólk á öllum aldri gæti nýtt sér hreyfingu saman. Það var áhugi fyrir hugmyndinni en fáir höfðu tök á að mæta á auglýstum tíma. Umræður voru um hvaða tími var heppilegastur og sýndist sitt hverjum og engin niðurstaða fékkst. Rann þetta út í sandinn, en hægt er að halda áfram síðar ef áhugi verður fyrir því.

Göngudeild UMFÖ undir styrkri stjórn Hólmfríðar Guðlaugsdóttur boðaði til gönguferða af og til, það er alltaf gaman að ganga í góðum félagskap. Gönguleiðir eru skipulagðar með tilliti til veðurspár, t.d. var gengið á Fagurhólmseyri 23. nóvember upp í Dali í blíðskaparveðri og góðu skyggni, leið sem hefði ekki notið sín vel í austanstrekkingi!

20.nóvember var kvöldskemmtun í Hofgarði þar sem formaður sýndi myndir frá ferðalögum sínum á árinu en hún hefur flækst nokkuð víða bæði innan lands og utan! Þarna voru sýndar myndir úr Öræfum, frá Berlín, Glasgow, Ströndunum, Spáni, Borgarfirði eystra, Papey og Lónsöræfum en fjöldu mynda frá hverjum stað stillt í hóf! Boðið var upp á kaffi í hléi og síðan sungin nokkur lög með undirleik Lalla og Sigurgeirs. Mæting var góð og hressilega tekið undir í söngnum.

Jólatrekkemmtun var haldin í Hofgarði þriðja dag jóla, 27.desember og hófst hún kl. 20:00. Halldóra Oddsdóttir og Regína Hreinsdóttir önnuðust skipulag og framkvæmd ásamt Gissuri Gunnarssyni, Styrmi Einarssyni og Stefáni Frey Jónssyni, og tókst þetta vel, að vonum.

F.h. stjórnar UMFÖ, Sigrún Sigurgeirsdóttir, formaður.

Árskýrsla Sunddeildar Sindra 2013

Starf Sunddeildar Sindra árið 2013 var að mestu óslitið allt árið. Reglulegar æfingar voru bæði yfir haust, vetrar og sumarmánuðina.

Vetrar æfingar byrjuðu eftir jólafrí um miðjan janúar. Vegna þjálfaraskorts skiptum við stjórnarkonur vikunum niður á milli okkar svo við þyrftum ekki að leggja sundæfingarnar niður. Það var nú lítið mál enda höfum við allar komið nálægt sundæfingum áður. Iðkenda fjöldi á vetrarönn voru 29 krakkar og þjálfarar sem sagt: Þuríður Snorradóttir, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir og Lovísa Rósa Bjarnadóttir.

Garpa sundæfingar voru haldnar á vetrarönn. Garpaæfingar eru almennar sundæfingar fyrir fullorðna og hafa þær verið undanfarin tvö ár. Iðkendur voru þar á öllum aldri frá 20-65 ára. 3 nemendur úr FAS fengu að fljóta með okkur. Þjálfari á garpaæfingunum var Þuríður Snorradóttir.

Í mars var haldið Innanfélags páskaeggjarmót Sindra. Tekinn var tíminn á öllum keppendum. Veitt voru verðlaun fyrir 1,2 og 3 sætið og einnig fengu allir páskaegg að móti loknu.

Sumardagsfyrsta móti á Djúparvogi var haldið í mars. Þangað fórum við frá Sunddeild Sindra og stóðum okkur mjög vel.

Vetraslútt var haldið í lok maí og fórum við eftir skemmtilegt fataþund á Hótel Höfn og fengum við okkur pizzu og franskur.

Sumarsundæfingar voru með öðru sniði heldur en síðustu ár vegna Unglingalandsmóts sem var haldið á Hornafirði um verslunarmannahelgina 2013. Engar sundæfingar voru í júní en keyrðum svo af fullum krafti með æfingar fyrir framt að Landsmóti og svo sumarfrí í ágúst. Síðustu 3 ár hafa iðkendur verið mjög fáir yfir sumartímann og höfum við því sumaræfingar í stuttan tíma. Þjálfari í sumar var Ásdís Pálsdóttir.

Ekki tókst okkur að hafa sundnámskeið fyrir 5-6 ára börn vegna þjálfara skorts. Reynum aftur að ári.

Unglingalandsmót UMFÍ Hornafirði 2013. Kept var í sundi bæði laugardag og sunnudag. Svætur Ingvarsson hefur undanfarin ár séð um skipurlag í kringum sund á Landsmóti og tók hann það að sér einnig hér. Tókst þetta mótt með eindænum vel, allt á tíma og veðrið ágætt. Lentum samt í smá brasi í byrjum með sjálfbóðarliða en allt gekk þó vel að lokum.

Haust sundæfingar byrjuðu um miðjan september og sá Trausti Magnússon um þær.

Blásið var til æfingarbúða á Höfn með Þrótti Nes 4 nóvember. Fengin var frábær sundþjálfari frá Reykjavík Brian Marshall til að sjá um æfingarnar. Alls voru 22 krakkar sem tóku þátt. Gaman var að sjá hversu margir foreldrar tóku þátt í að gera þessa helgi sem besta og voru allir glaðir og ánægðir með þetta. Ákveðið var að gera þetta að árlegum viðburði með Þrótti. Þökkum foreldrum fyrir frábæra aðstoð og gott starf með okkur.

Bikarmót var haldið á Djúparvogi í lok nóvember og þangað fóru keppendur frá Sindra og stóðu sig með stakri priði.

Síðasta sundæfing fyrir jólafrí var 19 des. og slúttuðum við góðu hausti með fatasundi og eftir það var arkað á Kaffi Hornið í heitt súkkulaði og vöfflur með rjóma. Iðkendafjöldi á haustönn voru 25.

1 fjáröflun var farin á árinu en það var jólakortautburður á Þorláksmessu. Þetta er sameiginleg fjáröflum með fimleikadeild Sindra og tókst hún mjög vel.

Markmið hjá okkur í Sunddeild Sindra er eins og undanfarin ár að æfa sund en líka að hafa gaman saman eins og sést hér að ofan.

Nú á þessum fundi verða stjórnarskipti hjá Sundeildinni og ætla allar 3 stjórnarkonur sem hafa setið hér í 6 ár að gefa öðrum kost á því að taka við þessu skemmtilega starfi og halda áfram að byggja Sundeild Sindra upp. Þökkum við kærlega fyrir okkur og óskum við nýrri stjórn góðs gengis í framtíðinni.

Takk fyrir mig.

Þuríður Snorradóttir

Formaður Sunddeilda Sindra.

Aðalfundur UMF Sindra fyrir 2013

Skýrsla stjórnar

Góða kvöldið góðir gestir, þegar ég byrjaði að rifja árið 2013 upp í huganum fannst mér við ekki hafa verið neitt sérstaklega afkastamikil í aðalstjórn á árinu. Auðvita voru aðalfundir á fyrstumánuðum eins og venjulega síðan tók við þetta daglega amstur að því undanskildu að við stjórnin og framkvæmdarstjórinn í sameiningu lofuðum hvort öðru að við skildum gera betur í heimasiðumálum.

Heimasíðan

Og er sú síða kominn í loftið og er vel virk. Vil ég hvetja formenn deilda til að vera duglega að koma með efni inn á síðuna en eins og við höfum alltaf sagt, þá verður síðan aldrei betri en efnið sem kemur inn á hana. Þó svo að Óli Stefán, Valdemar og Stígur geri sitt besta þá þiggja þeir gjarnan efni frá ykkur.

Deildirnar

Almennt held ég að óhætt sé að fullyrða deildirnar hjá okkur stóðu sig vel á árinu 2013. Þær voru með metnaðarfullt starf og góðan rekstur, héldu vel utanum iökendurna og voru með góða þjálfara. Knattspyrnudeildin sýndi þann mikla metnað að ráða yfirþjálfara í fullt starf í haust, hann Óla Stefán, það á örugglega eftir að skila sér í ánægðari iökendum og betri leikmönnum þegar framm líða stundir

Landsmótið

Orkusuga ársins var án efa Unglingalandsmótið. Þó svo að Ungmannafélagið Úlfljótum hafi staðið að því þá vorum erum við eðlilega virkir þáttakendur eins og flest aðildarfélögin. Það fór mikil orka í undirbúning og framkvæmd mótsins sem kannski kom svo niður á Íformi, því það verður að viðurkennst að þátttakan þar var með lélegasta móti. En við bara spýtum í lófana og gerum betur í ár. En ég held að það sé við hæfi að þakka öllum sem komu undirbúnini landsmótsins fyrir þeirra framlag og ég held að við Hornfirðingar getum verið stolt að framkvæmdinni.

Annað

Talsverð aðstöðubæting hefur orðið hér undanfarin ár og en bætist í flóruna á árinu 2013. Fyrir utan að það að vera fyrsta heila árið sem við njótum Bárunnar, þá fengum við líka tvo strandblaksvelli í tengslum við landsmótið og er það von okkar að Hornfirðingar verði duglegir að nota þá á sumri komandi.

Lokaord

Að lokum vil ég þakka framkvæmdastjóra, stjórnunum og þjálfurum fyrir gott samstarf á liðnu ári, síðast en ekki síst vil ég þakka iökendum fyrir árið og öllum þeim sem komu að því með okkur að gera landsmótið sem glæsilegast. Það er ekki sjálfgefið að rúmlega 2000 manna samfélag haldi úti svona miklu starfi sem raun er í íþróttu- og æskulýðsmálum, né að það sé haldið svo stórt og glæsilegt móti sem Unglingalandsmótið er. Til þess að það sé hægt þarf allt samfélagið að vinna saman og það er raunin hér á Hornafirði.

Skyrsla stjórnar
Aðalfundur 25.03. 2014

Í stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra eru Arna Ósk Harðardóttir, Birna Aðalsteinsdóttir, Herdís Tr. Tryggvadóttir og Ingólfur Hólmur Baldvinsson.

Meistaramót 15-22 ára 2.2 2013. Þar voru tveir keppendur frá Sindra María Birkisdóttir 4.sæti í 60m hlaupi.og 1.sæti í 800m hlaupi Anna Soffía Ingólfssdóttir 9.sæti langstökk, 6.sæti í 60.m.grind

Meistaramót 11-14 ára. Þar voru 6 keppendur frá Sindra þær Áróra Dröfn Ívarsdóttir,Hildur Árdís Eyjólfssdóttir, Nanna Guðný Karlsdóttir ,Ólöf María Arnarsdóttir,Sara Kristín Kristjánsdóttir og Þórdís María Einarsdóttir. Áróra varð í 2.sæti 60.m hlaupi, og 3.sæti í langstökki. Aðrar stóðu sig vel þótt ekki væru fleiri verðlaun.

Góuhlaupið var rétt fyrir páska og var þokkaleg þátttaka.

Meistaramót 11 – 14 ára 22.06

Þar voru við með two keppendur þær Ólöfu Maríu og Áróru Dröfn. Áróra varð fimmta í langstökki, þriðja í 100m

Sindraleikarnir voru 30.06 Frekar dræm þáttaka en framkvæmd mótsins gekk vel.

Sumarhátíð ÚÍA 13-14.júlí. Þar voru 8 keppendur, Aleksandra Ksepok, Alrún Irene Stephensdóttir, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Áróra Dröfn Ívarsdóttir, Hekla Natalía Heimisdóttir, Selma Ýr Ívarsdóttir, Wiktoria Daranowska og Ylfa Beatrix Stephensdóttir. Þar stóðu okkar keppendur sig mjög vel og unnu til margra verðlauna.

Unglingalandsmótið þar vorum við með nokkra keppendur og gekk þeim þokkalega vel. Komust nokkrir þeirra á verðlaunapall.

Meistaramót 15-22 10.-11. 08. Þar voru keppendur Alrún, Anna Soffía og María. María varð í öðru sæti í 800m og María varð Íslandsmeistari í 1500m. Anna Soffía varð í fimmta í langstökki og tíunda í 100m. Alrún varð í sjötta í kringlu.

Við fengum Silju Úlfarsdóttur til að vera með námskeið helgin 11.-13.október. Það var nokkuð vel sótt og var mikil hvatning fyrir iðkendur í frjálsumog varð

töluverð aukning á æfingum í kjölfarið. Eina sem setti strik í reikninginn var seinkun á flugi þannig að hún komst ekki í skólana eins og áætlað var. Hótel Höfn styrkti okkur rausnarlega með gistingu og fæði og við fengum afslátt á flugi hjá flugféluginu Erni.

Silfurleikar ÍR þar voru tveir keppendur þær Anna Soffía og Áróra Dröf. Þar varð Áróra Dröfn í öðru sæti í 200m hlaupi og í öðru sæti í 60m. Anna Soffía lenti í sjötta sæti í 60m og fjórða í grind.

Gamlárshlaup -þar voru 4 keppendur.

Árskýrsla 2013 – 2014

Í mars 2013 var aðalfundur fimleikadeildar Sindra haldinn. Kosin var ný stjórn og fráfarandi stjórn þökkuð vel unnin störf. Úr stjórn fóru Linda Hermannsdóttir formaður og Elín Sigríður Harðardóttir gjaldkeri og inn komu Hulda Björk Svansdóttir formaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir gjaldkeri og sú nýbreytni var valin að hafa einn ritara og Sandra Sigmundsdóttir tók það að sér en hún létt svo af störfum í maí sama ár þar sem ekki var talin þörf á nema tveimur stjórnar meðlimum.

Í mars var haft samband við deildina varðandi það hvort við hefðum áhuga á að vera með í fimleikabók sem FSÍ var að gefa út. Stjórnin ákvað að taka þátt í því og fór í að safna heimildum og taka myndir af iðkendum. Samin var grein um fimleikadeild Sindra og starfið frá upphafi. Greinin var send til útgefanda ásamt myndum. Bókin kom svo út snemma árs 2014 og fimleikadeildin keypti eintak sem er til sýnis í íþróttahúsinu.

Foreldradagur var haldinn í mars með góðri þátttöku og heppnaðist vel.

Ákveðið var á vordögum að endurvekja innanfélagsmót Sindra og var það haldið í byrjun maí. Mótið mæltist vel fyrir og gekk mjög vel, veitt voru verðlaun fyrir ástundun og framfarir og einnig var valin fimleikamaður ársins sem að þessu sinni var Tinna Marín Sigurðardóttir. Yngri flokkarnir sýndu dans og að því loknu hófst keppnin. Boðið var upp á skúffuköku og kaffi á mótinu gegn vægu gjaldi. Styrktaraðili mótsins var Króm og hvítt og kann stjórnin þeim bestu þakkir fyrir.

Þann 17. júní tók hópur af iðkendum þátt í fimleikasýningu á hóteltúninu sem var vel tekið.

Fimleikadeildin bauð iðkendum upp á summarönn vegna landsmóts sem var haldið á vegum USÚ í ágúst. Fimleikadeildin tók að sjálfsögðu þátt í mótinu, rekin var sjoppa á vegum deildarinnar á mótinu og einnig voru keppendur frá deildinni sem tóku þátt.

Í september var tekin sú ákvörðun að hækka æfingagjöld fimleikadeildarinnar þar sem þau höfðu ekki verið hækkuð í mörg ár svo við yrðum sambærileg öðrum fimleikafélögum. Gaman er að segja frá því þrátt fyrir hækkanir á gjöldum getum við samt verið stolt af því að vera með lægstu gjöld á landinu.

Að auki var þjálfurum fjölgæð úr 6 í 9 í september 2013 og búinn var til nýr ráðningarsamningur við yfirþjálfara.

Fyrsta handbók deildarinnar var gerð í september sl. og lagði stjórnin miklu vinnu í hana. Handbókin er svo endurskoðuð annað hvert ár og gerð ný ef þess þarf.

Hinn árlegi foreldrafundur var haldinn í lok september þar sem m.a. var farið yfir mótamál, kosnir tenglar og búningakaup rædd.

Ráðist var í fjárlögun í nóvember vegna búningakaupa og gekk það mjög vel. Búningarnir voru svo afhentir fyrir jólín.

Farið var á stökkmót á Selfossi í nóvember og gekk fimleikafólkini okkar mjög vel þar og hlutu alls níu verðlaun.

Í desember bauð fimleikadeildin iðkendum í popp og bíó sem vakti mikla lukku. Einnig var haldin hin árlega jólasýning og var hún vel sótt að vanda.

Eftir áramótin hefur verið farið á eitt móti, á Selfoss um miðjan febrúar.

Stefnan er svo að fara á móti í byrjun maí á Akranesi og annað á Akureyri um miðjan maí.

Stjórnin hefur fundað mjög reglulega síðan hún tók við og mikið verið rætt um áhaldakaup og fjáraflanir sem þarf að fara í vegna þeirra. Sú vinna er enn í fullum gangi og sem dæmi má nefna að við hlutum styrk frá Rannís að upphæð 400.000 kr. sem fer eingöngu í að kaupa ný áhöld. Fleiri áform eru á döfinni að sækja um styrki til tækjakaupa. Deildin hefur náð að safna dágóðri upphæð til áhaldakaupa og er stefnan að kaupa þau inn núna með vorinu eða í sumar.

Ársskýrsla 2013

Vetur 2013

Sindri sendi 2 lið til keppni á Íslandsmótinu í blaki. Meistaraflokkur karla tók þátt í 2. deild austur og var spilað í 3 túrneringum. Sindramenn urðu Íslandsmeistarar í 2. deild austur . Þetta er þriðja árið í röð sem Sindri vinnur 2. deild austur.

Meistarflokkur kvenna tók þátt í 3. deild austur . Stelpurnar spilaðu í 3 túrneringum. Sindrastelpur urðu Íslandsmeistarar í 3. deild austur .

Sindri sendi síðan 2 lið á Öldungamót í Kópavogi. Eitt karla lið og eitt kvenna lið.

Yngri flokkarnir fóru á sín árlegu Íslandsmót og var fyrri hlutinn haldinn í Mosfellsbæ og Akureyri.

2.fl. kk og kvk tóku einnig þátt í fyrsta skipti í bikarmóti, sem fram fór í Hagaskóla.

Allt gekk vel og krakkarnir stóðu sig vel innan vallar sem utan.

Þeir sem þjálfuðu hjá blakdeild Sindra voru: Páll Róbert Matthíasson með Mfl. karla, Brynjúlfur Brynjólfsson með mfl. kvenna og 2. fl. og 3. fl.og karla og kvenna. Kolbrún Birna með 4. fl. og 5. fl karla og kvenna.

Sumarið 2013

Blakdeidin tók að sér 3 verkefni. Þau voru að þökuleggja í kringum strandblaksvellina sem voru gerðir við Báruna. Fjöldin allur af sjálfboðaliðum mættu og þökulögðu eina kvöldstund.

Verkefni 2 var að vera með veitingasölu á tónleikum sem Ljótú hálfvitarnir héldu í Mánagarði.

Verkefni 3 var svo Landsmótið sem haldið var hér um verslunarmannahelgina. Blakdeildin skipulagði allt í kringum strandblaksmótið og fóru ca.100 vinnustundir í það. Allt gekk vel þrátt fyrir dálítið rok.

Blakdeildin fékk síðan Karl strandblakara til að koma og halda strandblaksnámskeið í júní. Vel tókst til og hátt í 20 manns mættu og lærðu strandblak.

Haust 2013

Sömu þjálfarar voru ráðnir og voru sl. vetur , nema Brynjúlfur tók við körlunum og Páll Róbert tók við konunum. Sævar Þór tók við 5. fl. Kolbrún Birna hætti fór í skóla suður.

Blakdeildin þakkar henni gott starf undanfarin ár.

Meistaraflokkur karla var bara skráður í Íslandsmót en konurnar náðu ekki í lið þetta árið.

Yngriflokkarnir fóru á sín Íslandsmót á Neskaupstað og Akureyri.

Allt gekk vel eins og alltaf hjá okkur.

Felix Þór Gíslason var valin í U-19 ára landslið Íslands og fór út til Danmerkur og keppti með þeim.

Anna Birna Elvarsdóttir var einnig valin í úrtak fyrir landsliðshóp U-17 en komst ekki í loka hópinn.

Iðkendur hafa verið í kringum 100 manns þetta árið hjá okkur sem er gott.

Deildin er rekin með smá tapi þetta árið . Það sem hefur bjargað deildinni er styrkur frá bænum og styrkur frá ÍSÍ, æfingagjöldin reka yngriflokkana en meistaraflokkarnir eru reknir með tapi.

Aðsókn í meistaraflokk karla hefur verið nokkuð góð, en ekki er nógu góð mæting er hjá konunum.

Góð mæting hefur verið í 3. flokk karla og kvenna ca. 15 krakkar og líka í 4. og 5. fl. ca. 25 krakkar.

Í stjórn blakdeilda Sindra árið 2013 voru: Sævar Gylfason, Páll Róbert Matthíasson og Valgeir Steinarsson.

Aðalfundur Körfuknattleiksdeildar Sindra

haldin 20. febrúar 2014.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2013.

Í dag iðka um um 60 manns körfubolta hjá Sindra í 8 flokkum sem er fækkan frá fyrra ári en þá hafði fækkað frá árinu 2012 en blikur eru á lofti um góða fjölgun á árinu 2014.

Þær aðgerðir að fjölga iökendum eru því að skila sér.

Keppnisferðar hafa verið margar á árinu og stundum verið farið langar ferðar.

Við héldum nokkur heimamót og gengu þau vel.

Fjáraflanir á árinu 2013 fór að mestu í ferðasjóð fyrir börn sem eru að fara í körfuboltabúðir á Spáni en þau og foreldrar þeirra báru hitan og þungan af þeirri vinnu.

Hattarmenn voru heimsóttir í maí með alla flokka og þeir áttu að endurgjálda heimsóknina að haust en það dróst en komu með 1 flokk núna í febrúar 2014, en við viljum halda þessu samstarfi áfram.

Körfuboltadeildin hélt utan um keppni í körfubolta á Landsmóti UMFÍ og tókst það móti frábærlega og er það ekki síst að þakka greinarstjórunum þeim Hjálmari og Kristjáni og hafi þeir kæra þökk fyrir.

Þjálfaramál voru mikið í umræðu og það stóra skref stigið að ráða til okkar útlendan þjálfara. Ekki gekk það vel í fyrstu því að þjálfaraefninu var hafnað að útlendingastofnun.

Var þá leitað til Sigurðar Hjörleifssonar en hann er umboðsmaður Íslands þegar kemur að því að flytja inn útlendinga til þjálfunar. Til okkar kom því í nóvember DJ eða (MR JOHNSON QULNTELDESHAUD. Koma hans hefur haft mikla þýðingu fyrir okkur. Mikil fjölgun er í yngstu flokkum og árangur meistaraflokks er umtalsverður.

Skv reikningum er reksturinn í sæmilegu jafnvægi en auðvitað kostar nokkuð mikið að fá leikmann og þjálfara erlendis frá td íbúðaleiga, ferðakostnaður ofl.

Ekki má gleyma styrk Kaffi Hornsins í þessu málin en þeir skaffa okkur 1 máltíð á dag og ber að þakka þeim fyrir þann styrk.

Önnur fyrirtæki hafa yfirleitt tekið okkur vel en alltaf má gott bæta og verðum við að vera á tánum í að finna góðar fjarflannir.

Undirbúnin gerði hófst á síðasta ári í að finna þjálfara og rekstrarstjóra deildarinnar og þegar þessi fundur er haldin eru líkur á því að hingað flyttist reynslumikill körfuboltamaður og berum við miklar væntingar til hans en klára þarf alla samninga og kemur það í ljós í næstu skýrslu aðalfundar fyrir árið 2014 hvernig það mál fór.

Kærar þakkar fyrir gott samstarf á árinu

Stjórnin

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2013

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra fyrir árið 2013 voru fimm stjórnarmenn: Gunnar Ingi Valgeirsson, Gunnar Stígur Reynisson, Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir, Guðrún Ása Jóhannsdóttir og Kristján Sigurður Guðnason. Guðrún Ása vék úr stjórn um mitt ár til að einbeita sér að yngriflokkra ráði. Fjórir stjórnarmenn gefa áfram kost á sér.

Knattspyrnudeild Sindra fundar undantekningalítið einu sinni í viku.

Markmið og stefna stjórnar er að efla knattspyrnuiðkunn og stuðla að auknum forvörnum í samfélaginu, viðhafa ábyrga fjármálastjórn, hlúa vel að og efla yngri flokkana og styðja við framtíðaruppbryggingu eldri flokka knattspyrnudeildar Sindra. Stórt skref var stigið í forvarnarmálum á haustdögum þegar 3. flokkur karla og kvenna skrifuðu undir afrekssamning sem er samvinnuverkefni foreldra, leikmanna og þjálfara sem byggir á því að iðkendur sýni góða ástundun og neyti ekki áfengis né annarra vímuefna. Einnig er hafinn undirbúningur að íþróttakademíu sem innan tíðar verður kynnt nánar fyrir skólastjórendum og samfélaginu með von um góðar undirtektir.

Við eigum að setja markið hátt og gerir kröfur til að iðkendur leggi sig fram fyrir félagið með drengskap og virðingu að leiðarljósi. Einelti innan vallar sem utan á ekki að viðgangast og er tekið á slíkum málum með viðeigandi hætti.

Aðstaða hér á Hornafirði til knattspyrnuiðkunnar er með því betra sem þekkist á landsbyggðinni svo eftir því er tekið. Iðkendafjöldinn er hár miðað við bæjarfélag að þessari stærðargráðu. Einnig er ánægjulegt að segja frá því að æfingagjöldin eru með þeim lægstu sem þekkist á landinu.

Dómaranefnd KSÍ verðlaunaði knattspyrnudeild Sindra annað árið í röð fyrir vel unnin störf. Því má þakka Ólafi Jónssyni fyrir óeigingjarnt starf í þágu dómaramála á Hornafirði.

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra ákvað á síðasta ári að ráða Óla Stefán Flóventsson sem yfirþjálfara í fullt starf. Þetta skref hefur þegar efti starf knattspyrnudeild Sindra og vakið verðskuldaða athygli út á við.

Á árinu var tekin í notkun ný heimasíða Sindra www.umfsindri.is. Það var mikil framfara skref og eiga þeir Sindri Ragnarsson og Gunnar Síður Reynisson þakkir skildar fyrir sitt framlag í að koma henni í loftið.

Rekstur deildarinnar er um talsverður en með mikilli og góðri vinnu hefur tekist að halda stöðugleika síðustu ár. En hvergi má af líta og sífellt verður að vera á varðbergi.

Að lokum vil knattspyrnudeild Sindra koma fram þakklæti til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hafa lagt deildinni lið á síðasta ári. Án þeirra væri þetta illmögulegt.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Sindra.

Kristján Sigurður Guðnason

Golfklúbbur Hornafjarðar

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2013

Starfsemi klúbbsins var með hefðbundnum hætti árið 2013. Félagar voru 80 talsins.

Vallarstarfsmaður var okkar góðkunni Óli Kristján Benediktsson og var hann á launaskrá hjá Sveitarféluginu.

Einnig var ráðinn til starfa Eddy Oosterbaan. Hann gegndi ýmsum störfum, afgreiddi í sjoppu ogsá um þrif í skála. Hann sá einnig um viðhald á húsinu sjálfu, bar í það viðarvörn og málaði glugga svo eitthvað sé nefnt.

Þá eru ótalin störf þeirra félagsmanna sem eiga vissulega hrós skilið fyrir ósérhlífni í störfum fyrir klúbbinn.

Golfkennsla fór fram í maí og kennari var Andrea Ásgrímsdóttir. Einnig voru Óli Kristján og Guðmundur Borgar með golfæfingar fyrir börn og unglunga.

Golfmót voru 17 og þar af er nettómótaröðin með 5 dagsetningar. Mæting í mótin mætti gjarnan vera meiri, en reynt var að höfða til byrjenda í golfi og þeirra sem lítið hafa stundað að spila í mótom.

Auk hefðbundinna móta var haldið golfmót tengt Unglingalandsmóti UMFÍ, sem haldið var á Höfn um verslunarmannahelgina. Veður var heldur óhagstætt keppendum.

Klúbburinn tók þátt í Sveitakeppni Austurlands sem haldin var á Norðfirði, en keppendur fóru (að venju) á eigin vegum en klúbburinn greiddi mótsjaldið.

Göngustígur á milli 4. og 8. teigs var þökulagður og síðan var unnið að almennu viðhaldi vallarins.

Keyptur var sanddreifari á árinu og steypt var stétt fyrir framan klúbbhúsið.